


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

BT Jólagjafirnar eru ekkert vesen í ár!

Fender gítarpakki - 25.999

Ion discover DJ - 14.999
Flott DJ græja fyrir alla!

frábært sett fyrir alvöru trommuleikara - 59.999

Ion discover hljómborð - 9.999
Lítið og nett USB tengt
Kennsluform fylgir

Ion hljómborð Key 49 - 19.999
Stórt og þægilegt MIDI
hljómborð - tengt með USB

Væxtalausar ráðgreiðslur til allt að 9 mánuða

verðsprengja - 3.999

gott úrval af flottu fræðsluefni

Life - 8.999
The World at War - 10.999

flott græja - 39.999

DM Tech Spjaldtölva - 7" snertiskjár
WiFi
Android stýrikerfi

Samsung R540 - 138.999
15,6" LED
Intel Core i3 370M
500GB
4GB

Samsung RV510 - 118.999
15,6" LED
Intel Pentium T4500
320GB
3GB

Argosy 359T 1TB - 42.999
Með upptöku

Argosy 339T - 44.999

Argosy 373T - 49.999

Verbatim 47513 - 27.999
1.5TB 3.5" USB

3000 kr. lækkun verð aður 22.999

Kaupauki: minniskort fylgir

Samsung ES70 - 19.999
stafræn myndavél
12,2 megapíklar - Svört/rauð/sílfur/blá/bleik

Olympus X-940 - 16.999
stafræn myndavél
14 megapíklar - wide zoom

5.000 kr. afsláttur ef keypt er með sjónvarpi

OBH Pizzaofn - 13.999
Bakaðu bestu pizzurnar!!

Sinbo brauðvél - 13.999
Kannstu brauð að baka?

AEG ryksugur - 13.999 / 14.999
1700w / 2000w

32" LG LCD 320 - 89.999
1366x768 HD Ready

37" Samsung LCD C535 - 149.999
1920x1080p Full HD

Samsung HT-C350 5.1 - 59.999
heimabíó
330W rms

Lowrider - 6.799

GI - 9.999

HESH - 8.999

SWM1071 - 12.999
Ferðatæki með CD, kassettu og USB tengi

SWM1070 - 12.999
Hljómtækjastæða með Ipod vögg og DVD spilara

35.999

Coby MP3 spilarar - 4.999
2GB - MP550

Coby MP3 spilarar - 8.999
2" skjár - FM útlarp - MP707

Coby MP3/MP4 spilarar - 19.999
2,8" widescreen skjár - FM útlarp - MP815

Coby MP3/MP4 spilarar - 15.999
2,8" widescreen skjár - FM útlarp - MP828

Snettiskjær og myndavél - 15.999

ein mest seldi leikjatölva í heimi!

Wii leikjatölva svört - 44.999
Sport resort leikur, Mario kart, stýri og Motion plus fylgja

Wii leikjatölva - 39.999
Sport resort leikur og Motion plus fylgja

Opið til 22 alla daga

BT

20% afsláttur af öllum leikföngum, spilum og púslum
leikföng aðeins í BT Skeifunni

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is

Monitor verður í frii yfir jólin og ætlar að einbeita sér að því að borða og fitna. Við sjáumst fersk á nýju ári en næsta tölublað kemur út 6. janúar.

Fyrir kærustuna:

Kærustur elska mjúka pakka og fátt er mýkra en loðfeldur. Hægt er að fá **feld** af ýmsu tagi til að bregða yfir sig í kuldunum, til dæmis refi eða minka. Feldur er ekki bara þægilegur heldur mun henni líða eins og milljón dollurum. Fæst til dæmis í Spútnik og Nostalgiu. Verð: Frá 6.900 krónum.



Fyrir kærastann:

Ef hann er mjög hrifinn af Playstation 3 þá er fátt sem getur glatt hann meira en góður tölvuleikur. Á sama tíma ertu líka að gefa honum leyfi til að sökkva sér svölitið í spíla-mennskuna. **Call of Duty: Black Ops** og **Need for Speed: Hot**



Pursuit hafa slegið í gegn og **FIFA 11** ætti að vinna hjarta fótboltaá-hugamannsins. Vertu bara viss um að hann eigi leikinn ekki nú þegar. Fæst í BT. Verð Frá 10.999 upp í 11.999 krónum.

Ef hann er ekki hrifinn af tölvuleikjum þá geturðu splæst í margmiðlunarspilara. Sjónvarpsflakkarar geta verið mjög dýrir en sniðugur valkostur er svokallaður **USB-margmiðlunarspilari**. United Media spilarinn tengist við sjónvarpið og svo setur þú uppáhalds bíómyndina bara á USB-lykil eða venjulegan flakka og tengir hann svo við margmiðlunarspilarann (hann mun skilja þetta). Gjöfn mun einnig nýttast þér vel því video-kvöldum mun snarfjölga. Fæst í Tölvulistanum. Verð 11.990 krónum.



Fyrir foreldrana:

Ef foreldrar þínir eiga afkomendur erlendis eða úti á landi og kunna svölitið á tölvu þá gæti **vefmyndavél** veitt þeim ómælda ánægju, ef þú kennir þeim að nota Skype í leiðinni. Dæmi um ódýra og góða vefmyndavél er Microsoft Lifecam en ýmsar fleiri tegundir eru til. Fæst í BT. Verð: Frá 3.999 krónum.



Ef þau hafa gaman að eldamennsku gætir þú líka gefið þeim **námskeið í Veisluturninum**. Ýmis framandi og spennandi námskeið eru í boði, t.d. í sushi-gerð og í indverskri matargerð. Fæst í Veisluturninum. Verð frá 6.500 krónum á mann.




Hvað varð um adventuna? Tíminn er á þrotum og þú átt enn eftir að afgreiða einhverja af mikilvægustu jólagjöfunum. Ekki er öll von úti og gott er að eiga sér **Monitor** í homi. Skoðuðu listann okkar og sjáðu hvort þú finnur ekki hina fullkomnu jólagjöf.

Jólagjöfunum reddað á síðustu stundu

Fyrir vininn:

Það á enginn allt, ekki einu sinni vinurinn sem á allt. **501-bækurnar** koma í mörgum útgáfum, til dæmis 501 Must See Movies, 501 Must Visit Destinations og 501 Must Read Books, svo örfá dæmi séu nefnd. Þær eru skemmtilegar til að hafa á sófaborðinu nú eða jafnvel til að lesa á meðan verið er að hægja á sér. Fást til dæmis í Eymundsson. Verð: 2.995 krónum.



Fyrir vinkonuna:

Frændsystkinin Hákon Hildibrand og Halla Himintungl hafa slegið í gegn með námskeiðum sínum þar sem þau kenna áhugasömum munnugælur með aðstoð banana. Nú er hægt að kaupa **gjafabréf á slíka skemmtun** en reynslan verður þó varla metin til fjár. Fæst á Trúno, Laugavegi 22. Verð: 3.000 krónum.



ÞÚ FÆRÐ EKKI MUNNGÆLU-PRÓF Í CHEERIOS-PAKKA

Fyrir þá sem búa erlendis:

Vinir og vandamenn sem búa erlendis vilja eitthvað í jólapakkann sem minnir þá á heimalandið og tekur ekki mikið pláss í ferðatöskunni. **Reykjavíkurljósið** er lítil og nettur kertastjaki fyrir sprittkerti sem varpar upp skuggamyndum af Hallgrímskirkju, Perlunni og fleiri reykvískum kennileitum. Fæst í Kokku. Verð: 4.500 krónum.



Feitast í blaðinu

Árið 2010 í Monitor. Vala Grand, Nilli, Bieburarnir og allir hinir sem þú hatar að elska. >>4



Jólahæðir eru ekki eins á öllum stöðum. Monitor skoðaði þær allra skrítnustu. >>6

Jónsi ætlaði ekki að meika það og segist hafa tekist að selja ekki djöflinum sál sína. >>8



Alexander Briem er á uppleið. Hann leikur aðalhlutverk í Gaura-gangi. >>12

Kelly Osbourne hefur tekið hamskiptum og er hætt að vera ófreskja. >>13



Efst í huga Monitor

Jólaölög sem þú hélst að væru íslensk

Mörg íslensk jólaölög eru löngu orðin ómissandi hluti af íslensku jólahaldi. Mörg þeirra eiga það þó sameiginlegt að vera alls ekki íslensk heldur ítölsk, og eru þau þar að auki alls ekki jólaölög. **Monitor tók saman nokkur þessara og mælum við með því að fólk hressi sig fyrir jólin með því að kíkja á þau á Youtube.**

Ég hlakka svo til

Svala Björgvinsdóttir
Heiti á ítölsku: Dopo la tempesta
Flytjandi: Marcella Bella
Titillinn þýðir: Eftir storminn. Í stað línunnar „Ég hlakka svo til“ er sungið „Þú ert hjartalaus“.

Þú og ég (Jólagjöfn mín ár)

Halla Margrét og Eiríkur Hauksson

Heiti á ítölsku: Ci sara
Flytjendur: Al Bano & Romina Power
Titillinn þýðir: Það sem verður. Þetta lag sigraði ítölsku Sanremo söngvakeppnina 1984, en sú keppni er ekki ósvipuð Eurovision.

Þú og ég og jóla

Svala Björgvinsdóttir
Heiti á ítölsku: Gente come noi
Flytjandi: Ivana Spagna
Titillinn þýðir: Fólk eins og við. Tregafullt ástarlag um þau sem sleit samvistum en elskar enn hvort annað.

Komdu um jólin

Gunnar Ólason
Heiti á ítölsku: Gente di mare
Flytjandi: Umberto Tozzi & Raf

Titillinn þýðir: Fólk hafsins. Þetta lag keppti fyrir hönd Ítalíu í Eurovision árið 1987.

Ef ég nenni

Helgi Björnsson
Heiti á ítölsku: Così' celeste
Flytjandi: Zucchero
Einnig til á ensku, heitir þá She's my baby.

Þú komst með jólin til mín

Björgvin Halldórsson og Ruth Reginalds
Heiti á ítölsku: Chi voglio sei tu
Flytjendur: Ricchi & Poveri
Titillinn þýðir: Sá sem ég vil ert þú
Lagið keppti í Sanremo keppninni 1989.

Monitor mælir með

SPILARANN Mynddiskurinn **Leiðin til Hoffenheim** segir frá Gylfa Þór Sigurðssyni knattspyrnumanni. Diskurinn inniheldur myndefni af mörkum og tilþrifum Gylfa frá því hann byrjaði í FH þar til hann spilaði fyrstu leikina með Hoffenheim og er til styrktar langveikum börnum.



MALLAKÚTINN Fjallkonubakaríð sem opnaði nýlega þar sem gamla Hljómaland var á



Laugavegi er virkilega sjarmrandi. Fjallkonubakaríð er líka

kaffihús þar sem hægt er að sitja, horfa á mannlíf miðbæjarins og fá sér kaffi og með því.

FYRIR AUGAD Tribute sýningin **Star Wars Tvö** var sett upp í Gallerí Crymo í tilefni af 30 ára afmæli kvikmyndarinnar The Empire Strikes Back. Sýningin opnaði þann 17. desember og stendur yfir til 13. janúar.



Vikan á...

facebook

Hjörvar Hafliðason Það þarf að setja í gang nefnd og rannsaka þennan jólabjörns skandal. Allt af löngu búinn þegar maður fer að pæla í þessum jólum. Svo er fátíðlegt að báðar ÁTVR búðirnar séu hlið við hlið í Kópavogi. Stórkostlegar áhyggjur í gangi rétt fyrir jól.

20. desember kl. 21:26

Logi Geirsson Fuck er að verða veikur!!! Ligg heima að éta Sushi og horfa á Löwen-Lemgo og skil ekki af hverju ég er ekki að lýsa leiknum með Valtaranum... 21. desember kl. 18:29

Einar Bárðarson Eina sem ég bað jólasveininn um var að ég myndi ná áfanganum - en hann gaf mér 9 í skóginn í morgun :) er að fíla þennan Jólasvein: Kennarasleikir held ég að hann heiti :) 21. desember kl. 22:40

Ásdís Rán vantar einhverjar brjáláðar sölu konur í dag og á morgun, einhver hér? 22. desember kl. 11:42



BENGAR CHICKS EINS OG ENGINN SÉ MORGUNDAGURINN

Sællir Nilli

Monitor gerði Airwaves-hátíðinni góð skil en það sem vakti hvað mesta athygli var þegar ungur menntaskólanemi rappaði í myndskreiði sem birtist í Monitorsjónvarpinu á mbl.is. Þetta var að sjálfsögðu Nilli og ríman „sællir Nilli og ég var að benga chicks“ hefur síðan verið límd við heilann á okkur öllum. „Eftir viðtalið velti ég því fyrir mér hvort ég hefði verið að gera mig að fifli, en ég hugsaði að það myndi örugglega enginn sjá þetta,“ sagði Nilli í viðtali í Monitor. Það var heldur betur rangt hjá honum, hann varð landsfrægur á einni nóttu og er kominn með eigin þátt hjá Monitor.

HÁKON VEIT ALLT UM LYSTISEMDIR HOLDSINS



Munngælumeistarinn

„Ég hef haft 65 ára gamlar konur á námskeiði sem láta bananann renna ofan í hálsinn á sér með glöðu geði,“ sagði Hákon Hildibrand sem í október sagði Monitor frá námskeiðum sínum þar sem hann kennir konum að veita góðar munngælur. Eftir að viðtalið birtist rigndi inn fyrirspurnum hjá Hákonni og ritstjórn Monitor fékk meira að segja símtöl frá karlmönnum sem spurðust fyrir um starfsemi hans og vildu ólmir senda konurnar sínar á námskeið.

ÞAÐ SEM BAR HÆST ÁRIÐ 2010

MONITOR



ANDRI BERGMANN HEFUR EKKERT TIL AÐ SKAMMAST SÍN FYRIR

Nakinn komstu inn...

Hápunktur íslenska fótbolta-sumarsins var þegar hinn 22 ára Andri Bergmann hljóp á nærboxunum inn á Laugardalsvöll undir lok bikarúrslitaleiks FH og KR um miðjan ágúst. „Þetta var bara flipp sko. Félagarnir lofuðu mér kippu af bjór fyrir og ég meina, af hverju ekki?“ sagði Andri léttur við Monitor.

Konungur Facebook

Bubbi Morthens er ókrýndur konungur Facebook en hann átti hvern óborganlega statusinn á fætur öðrum um margra mánaða skeið. Enginn einstaklingur hefur komið eins oft fyrir í Facebook vikunnar í Monitor. 29. ágúst tilkynnti Bubbi hins vegar að hann væri hættur á Facebook og grætur Monitor þá ákvörðun hans enn í dag. Til að heiðra Bubba tók Monitor saman bestu stöðuuppfærslur Bubba frá upphafi.

Bubbi á... facebook GREATEST HITS

Bubbi Morthens
Sólin kisti mig í morgun ég tók hana í fanglið og hvíslaði þabbi elskar þig nú horfðu á mig brúnum augum brosti og sagði at Búið
5. apríl kl. 08:28

Bubbi Morthens Mold Mold Mold áburður sól hljóburur sviði lykt af súrefni Lífið.
30. apríl kl. 10:48

Bubbi Morthens
Öllum má vera það ljóst að það er munur á ljósi og ljósi.
8. júní kl. 07:30

Bubbi Morthens Lífið kom til hans í Þessum Fyrsta andardrætti sem skilur á milli?
10. júní kl. 21:53

Bubbi Morthens Að reina sannfæra mann um að Guð sé ekki til er álika að Reyna drekka sand.
20. júní kl. 21:57

Bubbi Morthens Standa á bekknum umvafin grænni birtu með heiðina á móti sér heiðinn þakin blómum og berjalýngi áin niðar. Grænblár Þungur straumurinn ber með sér orð frá liðnum tíma og allt er gott.
9. ágúst kl. 19:36



BUBBI ER FALLINN FRÁ BEIRRI ÁKVÖRÐUN AÐ NOTA FACEBOOK

VALA GRAND VEIÐIR MENN Í KÖNGULÓARVEFINN SINN



Vala Grand

Vala Grand gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð í sumar og deildi reynslu sinni í opinskáum viðtali í Monitor um miðjan júlí. „Ég er of hreinskilin," sagði Vala í viðtalinu þegar hún var spurð um sinn helsta veikleika. Veikleikinn virðist þó jafnframt vera hennar helsti styrkleiki, því fólk hefur heillast af hreinskilni hennar og fréttir af henni vekja ávallt athygli. Vala er komin með vefþátt í Monitor-sjónvarpinu á mbl.is og horfa tugþúsundir Íslendinga á í hverri viku.



BIEBER-BRÆÐUR HÖFÐU EKKI MIKLA TRÚ Á BLÖKKUMÖNNUM Í KEILU

Bieburarnir

Amar og Bjarki Gunnlaugssynir eru ekki lengur frægustu tviburar Akraness. Jóhannes og Steinn Þorkelssynir hafa tekið við keflinu. Hvert er afrek þeirra? Þeir eru sláandi líkir söngvaranum og hjartaknúsanum Justin Bieber. „Ég lendi oft í því að fólk byrjar að syngja lög með Justin Bieber þegar það sér mig," sagði Jóhannes og bræðurnir sögðust finna fyrir mikilli kvenhylli. Viðtal sem birtist við tviburana í Monitor-sjónvarpinu á mbl.is sló rækilega í gegn og fékk yfir 70 þúsund í áhorf á einni viku og var „lækað" hátt í fjögur þúsund sinnum.

Vala Grand og Baldvin hætta saman

David og Victoria Beckham? Tom Cruise og Katie Holmes? Nei, Vala Grand og blikksmiðurinn Baldvin Vigfússon var það par sem Íslendingar höfðu mestan áhuga á að lesa um á árinu. „Aðgerðin er alls ekki fyrir mig heldur alfarið fyrir Völu," sagði Baldvin við Monitor eftir aðgerðina. Skömmu síðar höfðu þau slitið samvistum. „Ég efast um að hann finni kærustu eins og mig. Ég eldaði fyrir hann á hverju kvöldi og stundum tvo til þrjá rétti á dag," sagði Vala eftir sambandsslitin. Baldvin fann sér þó nýja kærustu en Vala er enn einhleyp og nýtur lífsins í botn.



BALDVIN KANN EKKI VEL VIÐ SVIÐSLJÓSIÐ



Pinnamatur í parti... eitthvað til að nartí

Magnús Valdimarsson, betur þekktur sem Maggi Mix, varð landsfrægur á mettima fyrir lög og myndbönd sem hann setti á Facebook-síðu sína. „Ég gerði einn rétt og svo bara hélt ég áfram af því að fólk líkaði hann svo vel," sagði Maggi Mix þegar hann svaraði spurningum lesenda Monitor í apríl. Hann kvaðst finna fyrir aukinni kvenhylli eftir að frægðin barði að dyrum. „Fólk sér karakterinn og kvenþjóðin filar mann meira. Ekki kannski af því að maður er frægur heldur fila þær persónuleikann og myndböndin og svona. Það er persónuleikinn meira en frægðin," sagði Maggi Mix sem á yfir 31 þúsund aðdáendur á Facebook í dag og er hvergi nærri hætta að skemmta

Ofurpólitíkusinn

Oddvitar stjórnmalaflokkanna voru soðnir saman í einn ofurpólitíkus sem prýddi forsíðu Monitor 27. maí. Frambjóðendurnir voru spurðir spjörnum úr og sagðist Ólafur F. Magnússon hafa handleggsbrotnað í slagsmálum við góðan vin, Baldvin Jónsson byrjaði að drekka 12 ára og Sóley Tómasdóttir spilaði einu sinni á básúnu. „Ég hef margoft verið handtekinn en sjaldnast dæmdur," sagði verðandi borgarstjórinn Jón Gnarr.



ÞESSI MAÐUR ER BÚINN TIL ÚR ÁTTA ANDLITUM

FLICK MY LIFE VIKU



Tags: aðsend lol - pedo claus - fáninn sýnir að jólasveinninn verður dæmdur eftir íslenskum lögum - afhverju snjóaði bara á g og j? - mr. blurrycam -

Tags: aðsend lol - séns á að splæsa í aðeins stærri kerru? - "auðvitað kemst þetta allt" - á myndina vantar ógeðslega stóra sög - rólegur árn johnsen



Tags: aðsend lol - creepy old man - aum-ingjalegt hjarta - 5 comment í röð - like a boss - beið í tvo tíma eftir þessu síðasta



JÓLASVEINAR Á HJÓLASKAUTUM ÞURFA EKKI AÐ VERA MEÐ HJÁL

Jólahjólaskautar

Í höfuðborg Venezuæla, Caracas, er götum lokað af svo fólk geti skautað í kirkju á jólinum. Þar fer þó lítið fyrir snjó og því verða hjólaskautar fyrir valinu.

KFC-jól

Markaðssetning KFC í Japan hefur skilað miklum árangri og nú er svo komið að afar vinsælt er að snæða KFC kjúkling á jólinum. Margir panta kjúklinginn sinn fyrirfram en margar fjölskyldur kjósa einnig að borða jólamáltíðina bara á staðnum.



HVER MYNDI EKKI VILJA FÁ TWISTER Í JÓLAMATINN?

10 furðulegustu jólah hefðirnar

Íslendingar eru kannski ekki í stöðu til að gera grín að öðrum þegar kemur að óvenjulegum matar- og jólah hefðum. **Monitor** gróf þó upp nokkrar erlendar sem gætu fengið þig til að gapa.



KIVIAK ER ÓGIRNILEGRI EN AÐ SLEIKJA ÖSKUBAKKA

Fuglshræ í selspiki

Kiviak er grænlandskt góðgæti sem framleitt er með vægast sagt vafasömum aðferðum. Svartfugl í heilu lagi er vafinn inn í selspik og feld og grafinn mánuðum saman. Svo er höfuðið skorið af og úldin innnyflin kreist út úr fuglinum, sem svo er étinn.



PORTÚGÁLIR HUGSA TIL HINNA LÁTNU Á JÓLUNUM



HÚSMÆDRUM ER HOLLAST AÐ HRÆRA RÉTT

Vandræðalegi diskurinn

Vantar einn við matarborðið? Nei, nei. Í Portúgal er lagt á borð fyrir einn aukagest svo að sálir hinna látnu geti sest að snæðingi með fjölskyldunni. Er talið að þessi siður boði gæfu.

Hvar er kústurinn?

Samkvæmt gamalli norski þjóðtrú fara illir andar og normir á kreik á aðfangadagskvöld. Því eru allir kústar heimilisins faldir á aðfangadagskvöld vegna og allar normir á svæðinu þar með settar í farbann. Hugrakkir eiginmenn í sveitum skjóta einnig stundum einu byssuskoti út í loftið til að hræða ill öfl frá.



Þetta er allt í búðingnum

Jólabúðingur er mikilvægur hluti af jólah hefð Breta en það er ekki sama hvernig hann er gerður. Hræðu eftir sólarganginum og óskaðu þér um leið og sjá, ósk þín mun rætast.

Kúkastytta

Eins og tíðkast víða stilla þeir upp styttnum af Maríu, Jósep og Jesú í fjárhúsinu. En þeir bæta við litilli styttnu af manni að kúka sem kallast El Caganer. Í seinni tíð hefur orðið vinsælt að þessi stytta sé í líki frágra einstaklinga á borð við Bretadrottningu og Cristiano Ronaldo, en kúkastyttan er yfirleitt falin einhvers staðar í bakgrunninum. Kúkarinn á að gefa von um gjöfuna uppskeru á næsta ári.



Karlmann í skóinn

Einhleypar, tékkneskar konur hanga ekki á djamminu fram eftir öllu til að ná sér í mann. Þær standa fyrir utan hús sitt og kasta sko yfir öxlina í átt að útidyráhurðinni. Ef táin vísar að hurðinni þegar skórin er lentur þá munu æðri máttaröfl færa frúnni karl á nýju ári sem jólagjöf.

Svínakjálkar lífga upp á arinninn

Grikkir trú á því að illir andar, kallaðir Kallikantzaroi, búi neðanjarðar en kíki upp á yfirborðið á hátíð ljóss og friðar. Til að bægja þeim frá er kjálkabein úr víni hengt á arinhilluna og það svínvirkar!



NAUÐSYNLEGT ER AÐ BRENNNA GETTINA FYRIR JÓL

Geitabrenna

Í bænum Gävle í Svíþjóð hefur skapast sá siður að bæjarbúar reyna hvað sem þeir geta til að brenna risavaxna strágeit fyrir jól.



Gjafakort

Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

Gjöf sem aldrei gleymist!

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is

Jólatilboð Borgarleikhússins



Tveggja tíma hláturskast

(frumsýnt í febrúar)

Tveir miðar á drepfyndinn gamanleik á aðeins

6.500 kr.



Fyrir yngstu börnin

(frumsýnt í mars)

Tveir miðar á ljóslifandi ævintýrasýningu á aðeins

3.300 kr.



Borgarleikhúsið

Markmiðið aldrei að meika það

Jónsi sigræði heiminn með **Sigur Rós** og segir þá hvergi nærri hætta. Hann bauðst til að kenna Jimmy Page á fiðlubogann og hefur gaman af Gossip Girl.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Ernir Eyjólfsson

sigyn@monitor.is
ernir@mbl.is

Einhverra hluta vegna var svo heitt þarna inni og við urðum allir rennandi blautir.

Jón Þór Birgisson þekkja flestir sem Jónsa í Sigur Rós. Hljómsveitin var stofnuð þann 4. janúar árið 1994 svo þeir fagna 17 ára starfsafmæli á nýju ári. Í dag er Sigur Rós orðin heimsfræg hljómsveit og þarf vart að kynna falsettsöngvarann með fiðlubogann fyrir fólki. Á árinu hefur hann spilað á 99 tónleikum um allan heim og kynnt sólóplötuna sína, Go. „Það var tekið á móti okkur eins og Bítlunum í Suður-Kóreu,“ segir Jónsi en hann spilaði um allan heim á tónleikaferðalaginu sem endar í Laugardalshöllinni þann 29. desember.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að hefja sólóferil? Það var nú bara af því að strákarnir í Sigur Rós byrjuðu að hruga niður börnum svo við tókum okkur smá pásu, enda búnir að vera á ströngum tónleikaferðalögum í nokkur ár. Ég er búinn að vera svo lengi í Sigur Rós að maður er búinn að semja fullt af lögum einn heima. Ég ákvað að kýla á sólóplötu og vissi í rauninni ekkert hvernig það kæmi út eða hvað myndi verða úr því.

Þú hefur fengið frábæra dóma um allan heim. Myndirðu segja að þú værir besta landkynning Íslands í dag? Mér finnst ég ætti nú að fá borgað og fá svona diplómatiskt vegabréf. Nei, það er gaman að þessu þó Björk sé nú aðallandkynningin núna og kannski Sigur Rós. Það veit enginn hver Jónsi er.

Hefur fólk einhvern tímann ruglast á þér og Jónsa í svörtum fötum? Já, í sumar þegar við vorum að spila á Spáni á einhverju festivali. Þar var tilkynning um að við værum að spila og þar fyrir ofan var stór mynd af Jónsa í svörtum fötum. Mér fannst þetta mjög skemmtilegt.

Nú ertu að klára tónleikaferðalag um allan heim í Höllinni milli jóla og nýárs. Hvar fannst þér skemmtilegast að spila? Maður á slæma og góða daga og stundum er gaman og stundum ömurlegt. Við vorum til dæmis að spila í Suður-Kóreu sem var frábært. Þar var tekið á móti okkur eins og Bítlunum. Við vorum leystir út með gjöfum og fánum sem var rosa gaman. Síðan var æðislegt að spila í Japan þar sem var uppselt á alla tónleikana. Svo voru frábærir tónleikar í París, sveittustu tónleikar sem ég hef nokkurn tímann spilað á.

Ég fæddist blindur. Sjóntaugin frá heil-anum er eitthvað skemmd en það er allt í lagi með augað sjálft. Það væri hægt að laga þetta hefði ég fæðst í dag en læknavísindin voru ekki komin það langt á leið þegar ég fæddist.

Af hverju ákvaðstu að gerast grænmetisæta? Það gerðist bara náttúrulega og var alls ekki af einhverjum pólitískum ástæðum eða neitt slíkt. Ég hætti fyrst að borða rautt kjöt og smám saman fór ég að hætta að borða kjúkling og fisk. Með tímanum finnst mér erfiðara og erfiðara að horfa á fólk borða dýr, naga bein og elda dauð dýr. Mér finnst til dæmis mjög villimannslegt þegar fólk borðar augun úr sviðahausum og sigur mergin úr beinunum en auðvitað er það bara eins og það er.

Sigur Rós er búin að túra núna í mörg ár og þú sjálfur á þessu ári. Tekurðu þér aldrei frí? Mér finnst þetta allt vera frí og bara gaman. Ég verð að hafa eitthvað fyrir stafni því annars yrði ég bara geðveikur.

Hvað gerirðu fyrir utan tónlistina? Mér finnst rosalega gaman að gera eitthvað með höndunum og var til dæmis að smíða eldhús og stofuborð í nýja húsið okkar Alex um daginn. Svo finnst mér mjög gaman að matreiða, lesa góðar bækur og horfa á kvikmyndir.

Ertu efnaður? Ég myndi segja það enda er ég búinn að gera mikið og gefa út helling af efni og vera í þessu lengi. Auðvitað vorum við einu sinni í miklu harki og borðandi núðlusúpur í hvert mál. Ég man þegar við vorum að hita upp fyrir Radiohead þá fengum við 10-20 þúsund kall fyrir að spila fyrir 10-15 þúsund manns. Þetta er fyndinn bransi og sérstaklega núna síðustu árin. Plötubrainsinn hefur breyst mikið frá því við byrjuðum í Sigur Rós. Plötufyrirtækin voru miklu stærri og aðalinnkoman var úr plötusölu. Nú til dags fær maður mjög lítinn pening út úr því að selja plötur. Eins asnalega og það hljómar er aðalpeningurinn núna í því að selja boli og svoleiðis, sem kom mér mjög á óvart. Það meikar ekki sens að bolir séu lífbraudið manns en ekki plötur.

Hefur þú lært á hljóðfæri? Ég fór í Gítarskóla Ólafs Gauks þegar ég var níu ára. Mamma og pabbi píndu mig til að fara þangað en mér fannst leiðinlegt og hætti bara. Þegar maður er að læra og uppgötva hljóðfæri verður að vera eitthvað skemmtilegt við það. Maður þarf að gleyma sér og spila lög með uppáhaldshljómsveitinni eða semja sjálfur eigin lög. Ég byrjaði fyrir alvöru að spila á gítar þegar pabbi gaf mér fyrsta rafmagnsgítarinn þegar ég var 13 ára. Þá hlustaði ég mikið á metal, Iron Maiden og eitthvað svoleiðis, og við Addi frændi vorum inni í herbergi að spila tónlist alla daga. Ég var í hinum og þessum bílskúrshljómsveitir unglingsárunum. Mér finnst bílskúrshljómsveitir mjög fallegt fyrirbæri, vinir að hittast og búa til eitthvað úr engu.

Af hverju hættir þú í hljómsveitinni Bee Spiders sem var valin athyglisverðasta hljómsveitin á Músíktílaunum árið 1995? Bee Spiders var hljómsveit sem við stofnuðum í gríni bara fyrir Músíktílaunir svo hún varð ekki langlíf. Það átti meira að segja að reka okkur úr keppninni vegna fylleris. Bara svona flipp sem þú heldur að sé svaka fyndið þegar þú ert ungur. Ég hafði verið með þessum strákum í öðrum hljómsveitum í nokkur

HRADASPUERNINGAR

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? The Wire og svo er ég búinn að horfa mikið á Gossip Girl undanfarið, er mjög hrifinn af Chuck Bass.

Uppáhaldsmatur? Hvað sem er í kasjúkarrisósu með döðlum.

Uppáhaldshljómsveit? Strákarnir mínir í Sigur Rós og strákarnir sem eru að spila með mér núna.

Besta jólagagið? White Christmas með Bing Crosby.

Besta jólamyndin? Elf.

Besti jólasveinninn? Ætli það sé ekki bara Stúfur.

Besta jólagjöfin? Heimagerðu jólagjafirnar eru alltaf bestar.



ár. Þegar við vorum svona þrettán eða fjórtán ára stofnuðum við hljómsveit sem hét Stoned. Við vissum ekki einu sinni hvað það væri að vera „stoned“ en okkur fannst nafnið mjög kúl. Eftir á að hyggja var það ekkert svo kúl.

Langaði þig alltaf að verða tónlistarmaður?

Nei, ég var voðalega lítið að hugsa um framtíðina. Ég var aðallega í tónlist því mér fannst svo gaman að því. Ég hef alltaf málað mikið og teiknað, alltaf þurft að fá einhverja útrás fyrir sköpun. Einu góðu einkunnirnar mínar voru í myndmennt og teikningu. Svo hægt og rólega tók tónlistin yfir.

Æfðir þú einhverjar íþróttir? Ég hef aldrei verið í fótbolta eða neinum íþróttum og sé svolítið eftir því núna. Maður er svo mjór og ræfilslegur en hefði ég æft íþróttir væri ég ábyggilega með stæltari líkama. Í staðinn var ég alltaf í herberginu mínu að spila á gítar og semja.

Hvað kom fyrir hægra augað þitt? Ég fæddist blindur. Sjóntaugin frá heilanum er eitthvað skemmd en það er allt í lagi með augað sjálft. Það væri hægt að laga þetta hefði ég fæðst í dag en læknavísindin voru ekki komin það langt á leið þegar ég fæddist. Þetta er ákveðinn sjarmi og maður er bara skráttari fyrir vikið.

Fannst þér þetta erfitt þegar þú varst yngri? Ég hef aldrei kippt mér upp við þetta en hins vegar stamaði ég þegar ég var lítill og það háði mér mjög mikið. Ég var í rosa mínus ef ég þurfti að flytja fyrirlestur fyrir framan bekkinn eða eitthvað slíkt. Það fyndna er að maður stamar ekki þegar maður syngur, hvíslar eða talar með hreim.

Í hvaða menntaskóla varst þú? Ég fór í Menntaskólann við Sund því allir vinir mínir fóru þangað. Ég valdi mér félagsfræðibraut því ég hafði heyrt að hún væri auðveldust en svo nennti ég ekkert að mæta og hætti á öðru ári vegna lélegrar mætingar. Þá fór ég í Iðnskólann í tækniteiknun bara út af seinni hluta nafnsins, teiknun. Svo uppgötvaði ég að þetta var allt með reglustiku og bara beinar línur svo ég



vióta.lió

Ég man þegar við vorum að hita upp fyrir Radiohead þá fengum við 10-20 þúsund kall fyrir að spila fyrir 10-15 þúsund manns.

hætti í því. Eina góða sem kom út úr því námi var að þar kynntist ég Gogga bassaleikara og Ágústi trommuleikara í reykherberginu og við stofnuðum Sigur Rós.

Hvernig byrjaði það ævintýri? Fyrsta árið vorum við mikið að spila lög með Smashing Pumpkins og finna okkar hljóð. Við vorum allir með svipaðan tónlistarsmekk og langaði að spila ambient tónlist en það var erfitt að finna út hvernig við vildum gera það. Það var ekki fyrr en Ágúst trommuleikari gaf Gogga bassaleikara fiðluboga í jólagjöf. Goggi reyndi að nota hann á bassann sem virkaði ekki alveg og ég tók bogann og prófaði að spila með honum á gítar. Síðan byrjaði ég að syngja í falsettu og varð geldir kódringurinn með fiðlubogann. Ég hef ekkert notað bogann síðan á Takk en langar að fara að nota hann aftur.

Þú hefur náð ótrúlegri fæmi með bogann. Er þetta meðfætt? Ég hef þurft að æfa mig mikið en er orðinn vanur þessu núna. Þetta er eins og ótemja sem er erfitt að ráða við fyrst um sinn. Ég hitti einmitt Jimmy Page úr Led Zeppelin um daginn á verðlaunahátíð Mojo. Hann er einn af fáum sem hafa notað fiðluboga á gítar nema hann kann ekkert á hann. Hann er svo lélegur með bogann og notar þetta bara til að gera einhvern hávaða. Við fórum að spjalla og ég sagðist geta leiðbeint honum með bogann ef hann vildi læra að nota hann almennilega.

Þegar við vorum svona þrettán eða fjórtán ára stofnuðum við hljómsveit sem hét Stoned. Við vissum ekki einu sinni hvað það væri að vera „stoned“ en okkur fannst nafnið mjög kúl. Eftir á að hyggja var það ekkert svo kúl.

Var markmiðið alltaf að meika það? Nei, aldrei. Við erum allir mjög jarðbundnir og hugsuðum ekki um neitt slíkt. Auðvitað er gaman að það hafi gerst en það gerðist bara og var algjör bónus. Það er frábært að fólk skuli fíla það sem við erum að gera. Við vorum bara að spila bestu vinirnir inni í bílskúr og svo varð eitthvað úr því. Allt í einu vorum við komnir inn í þetta batterí sem snýst í raun bara um peninga og að selja. Við þurftum að passa okkur vel þegar við vorum að skrifa undir samninga að selja ekki sál okkar djöflinum, sem tókst ágætlega. Við höfum fengið að gera það sem við viljum í gegnum tíðina og haft algjört listrænt frelsi.

Árið 2007 fóruð þið í útvarpsviðtal í Bandaríkjunum sem er sagt vera eitt versta útvarpsviðtal sögunnar. Hvað gerðist? Við vorum að koma frá Japan úr fáránlega löngu flugi, viðtalið var rosalega snemma um morgun og við alveg ruglaðir í hausnum. Síðan voru spurningarnar skrítnar, langar og týpískar og við alls ekki stemmdir til að svara þeim.

Meðlimir Sigur Rósar hafa fengið orð á sig fyrir að vera lélegir í viðtölum almennit. Er það viljandi gert? Já, við höfum fengið mjög gott orð á okkur í viðtölum sem hefur reynst okkur þægilegt. Við vorum alltaf mjög erfðir í viðtölum og myndatökum. Ljósmyndurum voru skammtaðar myndatökur í tíu mínútur og við nemtum ekkert að pósa fyrir þá svo þeir þoldu okkur ekki. Við nemtum ekki að leika þennan leik og vildum að þetta myndi bara snúast um tónlistina. Síðan höfum við róast með tímanum og ég farinn að sitja fyrir í klukkutíma í myndatöku hjá Monitor.

Hvað er framundan hjá þér? Við í Sigur Rós ætlum að halda áfram þar sem frá var horfið á næsta ári. Strákana er farið að klæja í fingurna og langar að gera eitthvað af viti.

Sérðu fyrir þér að Sigur Rós verði eins og Rolling Stones og haldi áfram að spila endalaust? Ég var einmitt að lesa ævisögu Keith Richards um daginn og þeir ætluðu alls ekki að vera enn spilandi á tónleikum svona gamlir. Ég held að maður ánetjist því að vera alltaf að spila og lífinu sem fylgir tónleikaferðalögum. Það er einhver ótrúleg orka sem myndast í slíkum ferðum. Bæði að vera uppi á sviði og fá feedback og svo að ferðast með öllu fólkinu sem maður myndar ákveðin tengsl við. Ef Rolling Stones hættu núna myndu þeir ábyggilega bara veikjast eða jafnvel deyja.

JINGLE
MERRY
CHEER



what Vintage are you?

Alexander Briem

Aðalleikari í kvikmyndinni Gauragangur sem er frumsýnd annan í jólum.

Aldur: 20 ára Hjúskaparstaða: Einhleypur. Uppruni: Vesturbærinn.

Enn á gelgjunni

Gauragangur var tekin upp í júlí en á að gerast yfir nokkrar árstíðir. Var ykkur ekki heitt í tókunum klædd úlpum og húfum?
Jú, virkilega. Ég veit ekki hvort ég eigi að benda á svitann í sumum senunum. Hann er óþarflega mikill en ég vona að fólk fari ekki að þæla of mikið í honum. Það var heitt en kósý.

Persónan þín í myndinni, Ormur Óðinsson, glímir við hin ýmsu vandamál gelgjunnar. Gastu nýtt þína eigin reynslu til að koma þér í hlutverkið?

Já ætli það ekki. Ég er reyndar enn á gelgjunni sem kom sér mjög vel.

Komu upp einhver vandræðaleg augnablik á tókustað?

Þetta var alls ekki vandræðalegt tökuferli heldur mjög notalegt og þægilegt. Kossaatriðin komu til dæmis bara sjálfkrafa. Það er auðveldi parturinn að kyssa stelpu og frekar eitthvað annað sem flækist fyrir manni.

Hvaða meðleikari þinn var mest pirrandi?

Það var Atli Óskar sem leikur besta vin minn í myndinni, Ranúr. Hann var alltaf með einhverja Óróastæla.

Ertu búinn að sjá myndina?

Nei, ekki í heild sinni en ég er búinn að sjá slatta af atriðum.

Hvernig finnst þér að sjá sjálfan þig á hvíta tjaldinu?

Mér finnst það bara fint, ég er svo sjálfhverfur.

Þú útskrifaðist úr Kvikmyndaskóla Íslands sem leikari í vor. Stefnirðu á frekara leiklistarmám? Það gæti bara vel verið. Maður þarf alltaf að læra meira.

Hvað ertu að gera þessa dagana? Ég hef til dæmis verið að vinna hjá Ríkissjónvarpinu við að leika brúðurnar í Stundinni okkar.

Ertu næsti Hilmir Snær?

Ég myndi ekki segja það en einu sinni var Vala Grand að sminka mig í skólaverkefni og hún vildi meina að ég væri næsti Hilmir Snær.

Hvort myndirðu frekar vilja vera Leonardo DiCaprio í Titanic eða Inception?

Þetta er erfitt val. Hann lendir alltaf í svo hræðilegum hremmingum kallinn í myndunum sínum. Ég held ég segi Inception. Nei, Titanic pottþétt. Nei, ég segi pass. Þetta er of erfitt.

Hver er uppáhaldsleikarinn þinn?

Mér hefur alltaf fundist Mads Michelsen ógeðslega flottur.

Mynd/Ernir

„Ég vil geta fengið mér stóra steikarmáltíð þegar mig langar.“ - **Kelly Osbourne**.



Kjötbolla verður kynæsandi

Kelly Osbourne hefur tekið hamskiptum

Kelly Osbourne, dóttir Ozzy Osbourne gamla rokkarans í Black Sabbath, hefur verið talsvert í sviðsljósinu undanfarið enda ekki að undra þar sem stúlkan hefur heldur betur tekið hamskiptum. Eitt sinn var Kelly í svaklegri yfirvigt, reif kjaft og lifði langt því frá heilbrigðu lífi en í dag er hún allt önnur manneskja. Hún er virkilega dömuleg, flott og klæðir sig smart.

Leyniuppskriftin hennar að þessum mögnuðu framförum er að hún hætti alveg að borða snakk og drekka gos. Einnig breytti hún líka alveg um mataræði og borðar nú bara hollan og góðan mat. Til að mynda ræktar hún sitt eigið grænmeti í bakgarðinum heima hjá sér. Það er því augljóst að þetta er ekkert flókið, þú ert það sem þú étur!



KELLY OSBOURNE GETUR SÉR GOTT ORÐ Í TÍSKUHEIMINUM



Smáralind

ALLAR VERSLANIR FULLAR AF JÓLAVÖRUM

Næg bílastæði!

Opið til 23 í dag



PÁLL ÓSKAR OG MONIKA
Frikirkjan í Reykjavík
Aðfangadagskvöld
kl. 23:30

fílófaxið

Þorláks **23** des

SILFURBERG

Rósenberg
21:00 Hjómssveitin Silfurberg efir til veglegra jólatónleika annað árið í röð. Miðaverð er 1.000 krónur og kaffi og meðlæti á sérstöku tilboðsverði.

SÓDÓMA UNPLUGGED

Sódóma Reykjavík
21:00 X-10 977 og Sódóma standa fyrir órafmögnum tónleikum þar sem hjómssveitirnar Cliff Clavin, Noise, Ten Steps Away og Vicky koma fram. Miðaverð er 1.000 krónur og aldurstakmark er 18 ár.



JÓN JÓNSSON

Hamborgarafabrikkan
22:00 Hjómssveitin Jón Jónsson heldur uppi stemningunni á Jóna Happy-Hour kvöldi á Þorlákssmessu á Hamborgarafabrikkunni.

BUBBI MORTHENS

Háskólabíó
22:00 Þorlákssmessutónleikar Bubba Morthens eru fyrir löngu orðnir að ávissum viðburði líkt og skatan. Miðaverð er 3.500 krónur en tónleikunum verður einnig útvarpað á Bylgjunni.

ÁRSTÍÐIR

Frikirkjan í Reykjavík
22:00 Hjómssveitin Árstíðir flytur jólalög sem eru meðlimum sveitarinnar kær, auk vel valinna laga af fyrstu plötu sveitarinnar. Miðaverð er 1.500 krónur.

annar í **26** des

DISKÓKVÖLD MARGEIRS

Austur
22:00 Diskókvöld Margeirs snýr aftur undir yfirskriftinni Fegurð er vanmetin. Dansgölföld mun ólga af ástríðu. Miðaverð er 2.500 krónur.

fimmtu **30** des



STYRKAR-TÓNLEIKAR SKB

Háskólabíó
17:00 Risatónleikar fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna þar sem fjólmargir listamenn koma fram. Þeirra á meðal eru Bubbi Morthens, Dikta, Ingó, Sveppi, Buff, Friðrik Dór, The Charlies, Pollapönk, Skítamóráll og Jónsi. Miðaverð er 2.900 krónur.

SÍÐASTI SJENS 2010

Nasa
22:00 Nokkrar af heitustu sveitum landsins koma saman á tónleikum undir yfirskriftinni Síðasti sjens 2010. Hjómssveitirnar eru Retro Stefson, Polipe og Orphic Oxta auk þess sem boðið verður upp á sérstakt Múm dj-set. Miðaverð í forsölu er 1.700 krónur (á Midí.is) en miðaverð við inngang verður 2.500 krónur.

gamlárs **31** des

GORDJÖSS Á GAMLÁRSKVÖLD

Sjallinn, Akureyri
01:30 Páll Óskar verður gordjöss á Akureyri á gamlárskvöld. Miðaverð er 1.500 krónur í forsölu í Imperial, Glerártorgi og 2.000 krónur við innganginn.

prófaðu LIFE IS BEAUTIFUL

Grease Lightning mjólkurhristingur **Kr. 890.-**

Grillhúsið

LOKAPRÓFIÐ

| 23. desember 2010 |



Ég heiti Andri Snær Þórsson Síðasta SMS sem ég fékk var frá og í því stóð þú seinkar aðeins

Þú veist hver ég er af því að þú ert svo manngjöggur

Baggalútur er
a) Hentugt nafn á hjómssveit því það vita allir hvað það þýðir.
b) Annað orð yfir dúsu og ísþenju.
c) Áreiðinni á þing.
d) Áreiðinni á þing.
gamrakkplata



Tobba Marinós er fyrir Baggalút eins og
a) Yoko Ono fyrir Bítlunum.
b) Twinky Winky fyrir Stubbunum.
c) Uppflettirit í mannasíðum.
d) Alex fyrir Sigur Rós

Það geta ekki allir verið gordjöss af því að Bragi Valdimar segir það



Ef ég yrði að taka upp sviðsnafn yrði það
a) Gummalútur.
b) Mundguður.
c) Guðmundur Pálsson er fullkomið sviðsnafn því það er bæði grípanði og auðvelt að muna það.
d) Mages



Það sem kemur mörgum á óvart um mig er að ég bær ekki grænar baurir



Ef ég þyrfti að breyta laginu Bad Romance með Lady Gaga í jólaglag þá myndi það heita
a) Jólabaðs rómans.
b) Ananas frámas.
c) Jólahald með glans.
d) Bad rómans

Það væri draumur að fá að taka dúett með
a) Dolly Parton.
b) Eartha Kitt.
c) Dorrit Møusaieff.
d) Lafði Craga



Uppáhalds jólaglagið mitt er Julsang (Ó Helga Nött) með Jussa

Ég óttast mest
a) Að fara í jólaköttinn.
b) Að jólasveininn gleymi að setja í skóinn hjá börnunum mínum.
c) Að klúðra jólasteikinni.
d) _____



Ég er A-manneskja: S 0

Ég er handlaginn: S 0

Mig langar að keppa í Eurovision: S 0

Rödd minni er aldré líkt við Barry White: S 0

Þegar ég var lítill langaði mig helst að verða Viggó Viðutan

Ef ég fengi að skrifa eitt jólaskort sem bærst til allrar heimsbyggðarinnar þá myndi ég skrifa það á heimsmálinu esperantó.

Síðast en ekki síst

» **Rakel Mjöll Leifsdóttir**, söngkona, fílar:

Kvikmynd A Little Princess. Ég og systir mín Harpa, höfum alltaf elskað þessa mynd. Þegar ég er eitthvað down er þessi mynd besta lækningin og ég verð skyndilega lítil, hamingjusöm stúlka aftur.

Sjónvarpsþátturinn Boardwalk Empire. Ég er algjörlega hufangin af þriðja áratugnum. Þættirnir eru svo vel gerðir, úr smíðu Martin Scorsese, smáatriðin æðisleg og handritið. Snilld!

Bókin Ég átti afmæli nýlega og vinur minn gaf mér bókina, "Look younger, live longer", í gríni. Bíð spennst eftir að lesa hana og læra af meisturum.

Platan Pólýfónía með Apparat Organ Quartet er upphaldsplatan mín þessa dagana. Ég dansaði af mér vitnið og hitaði upp fyrir þá með Sykri á útgáfu-

tónleikunum þeirra fyrir í mánuðinum. Þvílík stemning, þvílík plata!

Vefurinn Saganendalaus. blogspot.com. Ég er mjög hrifin af bloggi ljósmyndarans Sögu Sig. Æðislegar ljósmyndir og mér finnst gaman að sjá hvaðan hún fær innblásturinn sinn.

Staðurinn Grái Kötturinn um helgar, með skemmtilegum vinum, ennþá með málningu gærkvöldsins og að deila endalaust af skrautlegum sögum.



*Monitor óskar þér og þínum gleðilegra jóla
og þakkar fyrir viðburðaríkt liðið ár.*

Sjáumst eldhress á nýju ári og setjum allt í botn árið 2011!

Samsung GALAXY 5



Jólakaupauki

Flottur hátalari fylgir
GSM tilboði á meðan
birgðir endast.



Vertu með bindis- hnútinn í símanum

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða
greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.*

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru
verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.

Netáskrift:

Verð:

Innifalið:

Umframnotkun:

Mega1

490 kr.

100 MB

Nýr dagpakki

Mega2

890 kr.

500 MB

Nýr dagpakki

Hey, hvar fæ ég MegaÁfyllingu?

Farðu inn á GSM áfyllingu efst
á ring.is, veldu eina góða
MegaÁfyllingu undir Áfylling
og byrjaðu að leika þér á netinu.

*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ